



**HÁMSFLOKKAR
HAFNARFJARÐAR**
miðstöð símenntunar

Umsókn um viðurkenningu fræðsluaðila

September 2013

Efnisyfirlit

1. Nafn og kennitala	3
2. Meginmarkmið starfseminnar	4
3. Fyrirkomulag kennslu, aðferðir og námsmat	9
4. Lýsing á aðstöðu	10
5. Lýsing á stjórnun	11
6. Menntun og reynsla stjórnenda.	12
7. Kröfur til þeirra sem annast kennslu og ráðgjöf.	12
8. Staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð.	12
9. Yfirlýsing stjórnar/eigenda.	12
10. Gæðakerfi og sjálfsmat.	12
11. Lýsing á námslokum.	13
12. Lýsing á nemendabókhalda.	13
13. Skilgreining á réttindum og skyldum nemenda.	13

1. Nafn og kennitala

Nafn: Miðstöð símenntunar – Námsflokkar Hafnarfjarðar.

Kennitala: 590169-7579

Aðsetur: Menntasetrið við lækinn, v/Skólabraut, 220 Hafnarfirði

Sími: 5855860

Heimasíða: www.nhms.is

Tengiliður vegna umsóknar: Theodór Hallsson, skólastjóri.

2. Meginmarkmið starfseminnar

Starfsemin byggir á grunni Námsflokka Hafnarfjarðar sem stofnaðir voru árið 1971. Meginhlutverk Námsflokka hefur verið að bjóða almenningi upp á fjölbreytt nám og þar með tækifæri til að efla grunnmenntun sína og stuðla þannig að aukinni þátttöku fólks í námi og hagnýtri fræðslu, efla tengsl við aðra skóla í Hafnarfirði og styðja við það nám sem þar fer fram og æskilegt hefur þótt á hverjum tíma og verða við óskum einstaklinga og hópa um áhugaverð fræðslu- og kynningarnámskeið. Einnig að veita almenningi ráðgjöf um námsval og námsleiðir að ákveðnum markmiðum, sé eftir því leitað.

Starfsemin hefur verið sveigjanleg og tekið mið af þörfum og aðstæðum á hverjum tíma. Á vormánuðum 1999 samþykktu skólanefnd og bæjarstjórn Hafnarfjarðar að auka starfssvið Námsflokka Hafnarfjarðar með því að þeir yrðu Miðstöð símenntunar. Það var svo ákveðið ári síðar, á vormánuðum 2000, að hefja formlega vinnu til að móta nýja stefnu fyrir stofnunina í samræmi við þessar breyttu forsendur til að fylgja eftir og gefa fyrri samþykkt raunverulegt brautargengi. Frá 2003 hefur stofnunin verið miðstöð námsframboðs, hún hefur einnig leitt samstarf og þjónustu annarra menntastofnana og fræðsluaðila á sviði símenntunar og stuðlað að því að á hverjum tíma sé í boði fjölbreytt menntun fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu án tillits til fyrri menntunar, svo sem matshæf framhaldsmenntun, starfstengt nám, lífsleikni- og frístundanám. Strax árið 2003 öðlaðist Miðstöð símenntunar leyfi Menntamálaráðuneytisins til að starfrækja styttri námsbrautir fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum, námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum og námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum í samræmi við námskrár viðkomandi námsbrauta.


Helstu áherslur í fræðslustarfsemi Miðstöðvar símenntunar

Ný lög um framhaldsfræðslu tóku gildi í október 2010. En samkvæmt þeim er framhaldsfræðsla hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.

Starfsemi Námsflokka Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar hefur tekið breytingum í samræmi við breyttar aðstæður í samfélaginu. Helstu þættir starfseminnar síðustu ár hafa því verið sem segir hér að aftan.

Frístundanám

Lögð hefur verið áhersla á fræðandi, gagnleg og skemmtileg námskeið fyrir alla aldurshópa – tungumál, handverk og listir, hannyrðir, tölvur og rekstur, heilsa, útlit og hreysti o.fl. Hljóðfæra- og tónlistarnám m.a. í samstarfi við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar v/biðlista. Helstu hljóðfæri sem kennt hefur verið á eru gítar, rafbassi, hljómborð, trommur, blokkflauta, saxófónn og harmonikka. Námskrá um frístundanám sem er í boði hjá Miðstöð símenntunar Hafnarfjarðar á haustönn 2013 má sjá í Viðauka I hér að aftan.



Fjöldi einstaklinga sem hafa stundað frístundanám 2007-2012.

Námskeið fyrir atvinnuleitendur

Miðstöð símenntunar hefur haldið fjölmörg námskeið fyrir atvinnuleitendur í samvinnu við Vinnumálastofnun og Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar frá árinu 2010. Reglulega hafa verið haldin svokölluð starfsleitarnámskeið fyrir atvinnulausa einstaklinga á öllum aldri. Þar er lögð áhersla á að aðstoða fólk við atvinnuleit, m.a. við gerð starfsferilskrár, við að skrifa umsóknarbréf, við markvissa atvinnuleit á netinu og undirbúning fyrir atvinnuviðtal. Áætlað er að um 500 atvinnuleitendur í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi hafi tekið þátt í þessum námskeiðum undanfarin þrjú ár.


Einnig hefur Miðstöð símenntunar haldið svokölluð hvatanámskeið fyrir atvinnulausa einstaklinga í samvinnu við Vinnumálastofnun og Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar. Um er að ræða fjögurra vikna námskeið. Þar er tekið á hlutum eins og meðvitund, áhugasviði, tjáningu og ákvarðanatöku í dagegu lífi. Einnig er komið inn á atvinnuleit, samskipti, þroska, vellíðan og framtíðarsýn.

Námskrá fyrir starfsleitar- og hvatanámskeið má sjá í Viðauka II hér að aftan.

Háskólanám við Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði

Samstarfssamningur hefur verið um háskólanám í Hafnarfirði, frá því í apríl 2002 en þá var undirritaður þríhliða samningur á milli Hafnarfjarðarbæjar, Miðstöðvar símenntunar og Háskólans á Akureyri um háskólanám í Hafnarfirði. Þar með er Háskólinn á Akureyri og Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði í samstarfi um fjarnám á háskólastigi á höfuðborgarsvæðinu. Háskólinn á Akureyri skipuleggur fjarnámið og ber á því faglega ábyrgð. Miðstöð símenntunar leggur til náms- og starfsaðstöðu fyrir nemendur í Hafnarfirði, miðlar upplýsingum og gögnum til þeirra og annast tæknilega umsjón vegna fjarkennslu og prófahald. Samstarfssamningur þessi var endurnýjaður með ákveðnum breytingum í mars 2009. Skólaárið 2012-2013 var starfrækt B.Ed. nám í kennslufræðum, bæði leik- og grunnskólastigi, B.S. nám í viðskiptafræði, B.S. nám í líftækni og sjávarútvegsfræði og B.S.

nám í iðjuþjálfunarfræði ásamt námi í félagsvísindadeild. Einnig fá nemendur í hjúkrunarfræði þjónustu vegna fjarfunda og prófa. Fyrirkomulag fjarnámsins er sniðið að hverri deild og því er nokkur breytileiki á milli þeirra.



Fjöldi nemenda í háskólanámi og prófstað í Hafnarfirði 2000-2013.


Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd þá hafa um 200 nemendur stundað fjarnám í Hafnarfirði frá 2003 til 2012. Veturinn 2012 til 2013 fjölgaði nemendum verulega og voru þeir 262 síðastliðinn vetur. Að auki tóku 171 nemandi við HA próf í Miðstöð símenntunar s.l. vetur. Á haustönn 2013 eru 324 fjarnemar frá HA skráðir til náms hjá Miðstöð símenntunar, en til samanburðar má nefna að 752 nemendur munu stunda fjarnám við HA á sama tíma. Miðstöð símenntunar er því að sinna 40% allra fjarnema við HA.

Námskrá Háskólans á Akureyri fyrir þær námsbrautir sem kenndar eru í fjarnámi við Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði má sjá á eftirfarandi netslóð:

<http://www.unak.is/nam>

Réttindanám fyrir dagforeldra

Miðstöð símenntunar annast framkvæmd starfsréttindanámskeiða fyrir verðandi dagforeldra samkvæmt gildandi reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum sem unnin var af sérstökum starfshópi félagsmálaráðuneytisins og sem Miðstöð símenntunar átti fulltrúa í. Námskeiðin eru haldin fyrir verðandi dagforeldra á öllu landinu og er Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði eini aðilinn sem býður þessi námskeið á Íslandi. Skráning á námskeiðin fer fram í gegnum daggæslufulltrúa sveitarfélaganna. Hin síðari ár hefur bæði verið um að ræða staðbundna kennslu og kennslu í gegnum fjarfundabúnað til staða á landsbyggðinni.



Fjöldi einstaklinga á dagforeldranámskeiðum 2007-2012.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd þá hafa að meðaltali 50 einstaklingar stundað réttindanám fyrir dagforeldra frá árinu 2007. Ekki var boðið upp á námið árið 2009 þar sem ekki fékkst fjárveiting vegna efnahgasástandsins sem þá ríkti. Á síðasta ári var metaðsókn að þessu námi en þá útskrifuðust 79 einstaklingar með réttindi dagforeldra, en þá var námið í boði bæði á vor- og haustönn.

Námskrá fyrir réttindanám dagforeldra má sjá í Viðauka III hér að aftan.

Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 má sjá á:

<http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/fel-sveitarf/Log/>

Annað nám

Enskuskólinn

Enskuskólinn hefur boðið upp á ýmis námskeið í samvinnu við Miðstöð símenntunar síðan árið 2006. Boðið hefur verið upp á talþjálfun og lesskilning bæði fyrir hópa og einstaklinga. Einnig hefur verið boðið upp á viðskiptaensku fyrir fjármálafyrirtæki og einstaklinga. Þá hefur verið hægt að stunda fjarnám í ensku í gegnum internetið. Námskrá Enskuskólans má sjá á þessari netsíðu: www.enskuskolinn.is

Norska og sænska fyrir grunnskólanemendur

Miðstöð símenntunar hefur frá árinu 1986 boðið upp á kennslu í norsku og sænsku fyrir grunnskólanemendur, í samvinnu við grunnskólanna í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Þetta nám er í boði fyrir nemendur sem eru fæddir í Noregi eða Svíþjóð eða hafa búið þar til lengri tíma og kjósa að viðhalda tungumálinu í stað þess að læra dösku í grunnskóla.

Aðalnámskrá grunnskóla má nálgast á þessari netsíðu:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/7525>

Hraðlestrarskólinn

Hraðlestrarskólinn hefur haldið fjölmörg námskeið í samvinnu við Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði undanfarin ár. Námskeiðin eru bæði sniðin að einstaklingum og hópum, og eru jafnt fyrir börn sem fullorðna. Farið er í ýmsar tækniæfingar sem ætlað er að þjálfa hraðlestrartæknina og auðvelda þátttakendum að margfalda lestrarhraða og lesskilning. Einnig er farið í námstækni, glósutækni og annað efni sem tengist lestri almennt. Þá er eru gerðar æfingar með lestur af tölvuskjá, lestölvum og spjaldtölvum (iPad). Námskrá Hraðlestrarskólans má sjá á meðfylgjandi heimasíðu: www.hradlestrarskolinn.is/

Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat

Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði hefur boðið upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á öllum aldri sem vilja ráðgjöf við val á námi og starfsvettvangi. Einstaklingar hafa komið í viðtöl hjá menntuðum náms- og starfsráðgjafa hjá miðstöðinni. Náms- og starfsráðgjafinn veitir upplýsingar um nám og störf aðstoð við mat á möguleikum til náms og starfa, aðstoð við gerð ferilskráa og atvinnuumsókna, ráðgjöf um persónuleg málefni, stuðning og hvatningu til símenntunar.

Miðstöð símenntunar býður einnig upp á raunfærnimat. En með raunfærnimati geta einstaklingar fengið mat á hæfni/færni óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Þeir geta síðan nýtt sér niðurstöðurnar til að halda áfram námi. Raunfærnimatið er framkvæmt í samræmi við aðferðir og staðla sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur mótað fyrir menntamála- og menningarráðuneytið.¹

Sérstaða, þörf og markhópar

Sérstaða Miðstöðvar símenntunar í Hafnarfirði er talsverð á þeim áherslusviðum sem boðið er upp á. Í fyrsta lagi er það hið öflugna fjarnám sem þróað hefur verið í samstarfi við Háskólann á Akureyri í gegnum árin, sem gefur nemendum á höfuðborgarsvæðinu kost á að stunda háskólanám með þessu formi. Til marks um þetta má nefna að 40% allra fjarnema við Háskólann á Akureyri eru á höfuðborgarsvæðinu. Fjarnámið hefur komið sér sérstaklega vel fyrir nemendur með ýmsar sérþarfir, m.a. vegna fötlunar.

Í öðru lagi felst sérstaðan í réttindanámi fyrir dagforeldra en Miðstöð símenntunar er eini fræðsluaðilinn á landinu sem býður upp á þetta nám. Réttindanám fyrir dagforeldra hefur einnig verið í boði í formi fjarkennslu fyrir nemendur um allt land.

Í þriðja lagi má nefna frístundanámið og margvíslegt samstarf við einstaklinga og aðra fræðsluaðila varðandi fræðslu og námskeiðahald.

¹ http://www.frae.is/files/bæklingur%20raunfærni_2032092579.pdf

3. Fyrirkomulag kennslu, aðferðir og námsmat

Háskólanám

Háskólinn á Akureyri skipuleggur það fjarnám, sem fram fer hjá Miðstöð símenntunar og ber á því faglega ábyrgð. Miðstöð símenntunar leggur til náms- og starfsaðstöðu fyrir nemendur í Hafnarfirði, miðlar upplýsingum og gögnum til þeirra og annast tæknilega umsjón vegna fjarkennslu og prófahald. Einnig hefur Miðstöð símenntunar umsjón með innheimtu gjalds vegna prófa.

Réttindanám fyrir dagforeldra

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Miðstöð símenntunar annast framkvæmd starfsréttindanámskeiða fyrir verðandi dagforeldra samkvæmt gildandi reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum sem unnin var af sérstökum starfshópi félagsmálaráðuneytisins og sem Miðstöð símenntunar átti fulltrúa í. Skráning á námskeiðin fer fram í gegnum daggæslufulltrúa sveitarfélaganna. Hin síðari ár hefur bæði verið um að ræða staðbundna kennslu og kennslu í gegnum fjarfundabúnað til byggðarlaga á landsbyggðinni.

Námsmat – þátttaka í verklegum og skriflegum æfingum og umræðum. 80% mætingaskylda. (sjá námsskrá fyrir haust 2013 í Viðauka III)

Frístundanám

Fyrirkomulag kennslu og aðferðir eru afar fjölbreyttar eftir því um hvaða nám eða námskeið er að ræða. Um er að ræða einstaklingsbundið nám og nám í fámennum og fjölmennum hópum. Í húsnæði Miðstöðvar símenntunar eru sérútbúin aðstaða til að kenna á tölvur, hljóðfæri, matreiðslu, myndlist, handverk o.fl.

Námsmat felst ýmist þátttöku í kennslustund, verklegum og skriflegum æfingum og endurgjöf leiðbeinenda/kennara. Nemendur sem uppfylla tilskyldar kröfur fá staðfestingarvottorð (diploma) í lok náms.

Annað

Námskeið fyrir atvinnulausa einstaklinga í samvinnu við Vinnumálastofnun og Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar eru skyldumæting fyrir atvinnuleitendur. Þau lúta reglum og kröfum Vinnumálastofnunar og stjórnvalda um réttindi og skyldur atvinnuleitenda. Námsmat felst í því að atvinnuleitendur ljúki ákveðnum verkefnum og sýni fram á fulla mætinigu og virka þátttöku í námskeiðinu.

4. Lýsing á aðstöðu

Húsnæði og aðbúnaður

Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði er staðsett í Menntasetrinu við lækinn, þar sem Lækjarskóli var áður. Húsið var byggt 1926 og kennsla hófst þar 1927 og hefur verið kennsluhúsnæði allar götur síðan. Húsið er á þremur hæðum með þremur sölum og 18 kennslustofum, bæði almennum og sérhæfðum. Þrjár kennslustofur búa yfir fullkomnum fjarkennslubúnaði og ein stofa er útbúin sem tölvuver. Einnig er til staðar sérútbúinn myndmenntastofa og skólaeldhús. Í bakhúsi er sérhæfð aðstaða fyrir tónlistarnám, handverk, dans og aðra hreyfingu. Mjög góð aðstaða er fyrir kennara, leiðbeindur og aðra sérfræðinga.

Á jarðhæð er sérútbúið aðgengi fyrir fatlaða inn í húsnæðið. Einnig er góð aðstaða til próftöku fyrir nemendur með sérþarfir t.d. lesblinda, sjónskerta og heyrnarskerta.

Ákveðnar breytingar voru gerðar á húsnæðinu eftir að Miðstöð Símenntunar tók við því árið 2003 til þess að mæta þörfum og kröfum vegna núverandi starfsemi.


Vottorð

Vottorð frá yfirvöldum, heilbrigðis- og brunamála er að finna í Viðauka IV. Er í vinnslu hjá viðkomandi yfirvöldum.

5. Lýsing á stjórnun

Skipurit og stjórnun

Miðstöð símenntunar er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnsýslulega undir fræðsluráð og fræðsluþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eins og sjá má á meðfylgjandi skipuriti.



Skipurit Miðstöðvar símenntunar.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar er jafnframt hin kjörna stjórn Miðstöðvar símenntunar. Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar og önnur stoðsvið bæjarins veita Miðstöð símenntunar ýmsa stoðþjónustu, t.d. er varðar, fjárhagskerfi og fjárhagseftirlit, bókhald, innheimtu, tölvumál og faglega þjónustu á sviði menntamála. Stjórn daglegrar starfsemi er í höndum skólastjóra og aðstoðarmanns skólastjóra. Aðrir starfsmenn eru lausráðnir verkefnastjórar, kennarar, leiðbeinendur og sérfræðingar.

Fagstjórn

Í samræmi við samþykkt fræðsluráðs Hafnarfjarðar í ársbyrjun 2012 er nú unnið að því að skipa sérstakt ráðgjafaráð með aðilum frá stéttarfélögum, atvinnurekendum, menntastofnunum og sveitarfélaginu. Stefnt er að því að setja ráðgjafaráðinu sérstakt starfsskipulag.

Fjármálastjórn

Dagleg fjármálastjórnun er í höndum skólastjóra Miðstöðvar símenntunar og ber hann ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart sveitarfélaginu. Skólastjóri hefur umsjón með daglegri umsýslu fjármuna, en reksturinn er hluti af fjárhagskerfi sveitarfélagsins.

6. Menntun og reynsla stjórnenda.

Theodór Hallsson – er skólastjóri Miðstöðvar símenntunar. Hann lauk námi í uppeldis- og kennslufræði á meistarastigi í háskólanum í Lundi í Svíþjóð árið 1982. Einnig lauk hann Fil.kand. prófi í uppeldis- og kennslufræði frá Lundi 1979. Theodór lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1973. Theodór hefur verið skólastjóri Miðstöðvar símenntunar í Hafnarfirði frá árinu 1983. Hann stundaði kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi á árunum 1973 til 1990, síðast hjá lðnskólanum í Hafnarfirði.

Finnur Gunnþórsson – er aðstoðarmaður skólastjóra hjá Miðstöð símenntunar. Finnur lauk MSc. gráðu frá Copenhagen Buisenss School (CBS) árið 2005, með áherslu á samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Hann lauk Meistaragráðu í alþjóðaviðskiptum frá ESC Grenoble, Frakklandi árið 2004 og BSc. í alþjóðaviðskiptum frá Copenhagen Buisenss School árið 2003. Finnur hefur starfað hjá Miðstöð símenntunar frá 2006. Áður starfaði hann m.a. hjá Halló frjálsum fjarskiptum og við sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ með námi.

7. Kröfur til þeirra sem annast kennslu

Menntun þeirra sem annast kennslu fyrir Miðstöð símenntunar er afar fjölbreytt. Flestir hafa háskólamenntun, kennaramenntun eða eru með sérhæfða menntun á sínum sviðum. Kennarar og leiðbeinendur á frístundanámskeiðum eru m.a. sérhæfðir í tungumálum, handverki, tónlist, upplýsingatækni, garðyrkju, hönnun, ljósmyndun, matreiðslu og bókmenntafræði.

8. Staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð.

Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar er fræðslustofnun og starfar sem sjálfstæð rekstrareining á vegum Hafnarfjarðarbæjar og heyrir þannig fjárhags- og bókhaldkega undir rekstur bæjarsjóðs. Rekstur starfseminnar er að stórum hluta til fjármagnaður með námskeiðsgjöldum, tekjum af margvíslegum sérverkefnum og fjarnámi á háskólastigi. Fjárhagslegt rekstraröryggi stofnunarinnar er tryggt af Hafnarfjarðarbæ. (Sjá bréf í Viðauka V)

9. Yfirlýsing stjórnar/eigenda.

Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar mun á hverjum tíma upplýsa mennta- og menningarmálaráðuneyti um starfsemi stofnunarinnar eftir því sem þess verður óskað. (Sjá bréfi í Viðauka VI)

10. Gæðakerfi og sjálfsmat.

Miðstöð símenntunar hefur byggt upp gæðakerfi sem er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum um framhaldsfræðslu. Gæðakerfið tekur einnig mið af þeim gæðaviðmiðum sem skilgreind hafa verið af Fræðslumiðstöð avtinnulífsins og Starfsmennt. Viðmiðin eru í samræmi við almennar venjur í sjálfsmat og úttektir á gæðum fræðslustofnana. Sjá handbók um gæðakerfi og sjálfsmat í Viðauka V. hér að aftan.

11. Lýsing á námslokum.

Þeir sem stunda fjarnám á háskólastigi við Miðstöð símenntunar fá í hendur prófskírteini frá Háskólanum á Akureyri við lok á námi. Háskólinn á Akureyri skipuleggur fjarnámið og ber á því faglega ábyrgð. Miðstöð símenntunar leggur til náms- og starfsaðstöðu fyrir nemendur í Hafnarfirði, miðlar upplýsingum og gögnum til þeirra og annast tæknilega umsjón vegna fjarkennslu og prófahald.

Miðstöð símenntunar annast framkvæmd starfsréttindanámskeiða fyrir verðandi dagforeldra samkvæmt gildandi reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum. Nemendur þurfa að sýna fram á 80% mætingu á námskeiðin, virka þátttöku í umræðum og verkefnavinnu, auk þess sem þeir fá endurgjöf frá kennurum. Að þessu gefnu fá nemendur í hendur skírteini sem staðfestir réttindi þeirra.

Í frístundanámi þurfa þátttakendur að sýna fram á lágmarks mætingu, taka virkan þátt í umræðum og verkefnum til þess að fá í hendur skírteini sem staðfestir námskeiðslok.

12. Lýsing á nemendabókhalði.

Miðstöð símenntunar hefur tekið skráningarkerfið Eplica í notkun til þess að halda utan um skráningar og upplýsingar um nemendur. Skráningarferli upplýsinga um umsækjendur og námsmenn hefst strax þegar umsókn berst um þátttöku í námi. Umsækjendur eru skráðir á umsóknareyðublað rafrænt, eða á pappír, þar sem beðið er um helstu bakgrunnsupplýsingar um námsmenn og þær síðan skráðar af Miðstöð símenntunar. Að auki er gert ráð fyrir skráningu á greiðslustöðu, námslokum (lokið/ólókið) og umsögn leiðbeinanda. Einnig er haldið utan um heiti og útgáfuár námskrár, dagsetningu náms og leiðbeinendur.

13. Skilgreining á réttindum og skyldum nemenda.

Miðstöð símenntunar heldur í heiðri góðum stjórnáhrifum þegar kemur að réttindum og skyldum nemenda. Leiðbeinendur/kennarar leitast við því að virða réttindi námsmanna, hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi og leitast við að efla sjálfsmynd þeirra með því að sýna hverjum einstaklingi áhuga og virðingu.

Kvartanir og lausn ágreiningsmála

Öllu starfsfólki ber að tileinka sér jákvætt viðhorf til kvartana og ábendinga og að vísa þeim í viðeigandi farveg eftir atvikum. Kvörtunum og ábendingum ber að taka með því viðhorfi að þær séu uppspretta upplýsinga um hvað megi betur fara. Ef einhver kvartar beint við leiðbeinanda/kennara skal hann ávallt leitast við að leysa úr þeim málum sem hann hefur getu til að leysa úr. Að öðrum kosti skal hann hvetja námsmann til að bera upp kvartanir sínar við skólastjóra. Leiðbeinandi/kennari skal þó einnig koma upplýsingum um viðkomandi

kvörtun til skólastjóra og geta hennar í samantekt í lok náms. Námsmanni skal gerð grein fyrir því að það er jákvætt að upplýsingar berist um það sem betur má fara. Stefnt skal að því að ljúka málum með sátt þótt úrlausn sé ekki í samræmi við upprunalegar óskir eða tillögur námsmanns.

14. Viðaukar og fylgiskjöl:

Viðauki I. Námskrá vegna frístundanáms. www.nhms.is

Viðauki II. Námskrá vegna námskeiða fyrir atvinnuleitendur í samvinnu við Vinnumálastofnun og Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar:

Starfsleitarnámskeið

Námskeiðinu er ætlað að undirbúa og hvetja einstaklinga fyrir virka og árangursríka atvinnuleit. Á námskeiðinu er lögð megin áhersla á að þjálfar fólk í virkri atvinnuleit. Í upphafi námskeiðs er lögð áhersla á að upplýsa atvinnuleitendur um þá aðstoð og þau úrræði sem þeim standa til boða. Nemendur fá aðstoð við að gera eigin náms- og starfsferilskrá (CV) eða bæta þá ferilskrá sem til er. Þeir eru einnig aðstoðaðir við að sækja um rafrænt hjá ráðningaskrifstofum eða beint hjá fyrirtækjum. Fram fer kynning á réttindum og skyldum atvinnulausra og á þeirri þjónustu og úrræðum sem í boði eru. Farið er yfir ýmsar leiðir í virkri atvinnuleit, m.a. að hafa frumkvæði og kynna sig í fyrirtækjum og að nýta sér tengslanetið. Þá fá nemendur þjálfun í að fara í atvinnuviðtal og undirbúa sig fyrir það. Námskeiðið er haldið í tölvuveri þar sem hver og einn hefur aðgang að tölvu og interneti þar sem áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í rafrænni skráningu, gerð ferilskrár og virkri atvinnuleit á internetinu.

Hvatanámskeið fyrir 50+

	mán 25 feb	Þri 26	Mið 27	Fim 28	Fös
9.30-12.30					
	Brynja Valdís	Brynja Valdís	Kári Halldór	Kári Halldór	
	Kynning	Áhuga og ákvarðanir	Tjáning mikilvægasta verkfæri mannsins	Meðvitund um það sem hefur verið ómeðvitað	

Vika 2	mán 4	Þri 5	Mið 6	Fim 7	Fös
	Dögun Capital	Dögun Capital	Birgir Róbert Jóhannesson	Kári Halldór	
	Ferilskrár, starfsleit	Ferilskrár, starfsleit	Samskipti, greining og meðvitund	Von, þrautseigja og árangur.	

Vika 3	mán 11	Þri 12	Mið 13	Fim 14	Fös
			Finnur Þ. G. og		
	Brynja Valdís	Kári Halldór	Jón A. Steinúlfsson (11)	Kári Halldór	

	Drifkraftur í atvinnuleit	Eigin sannfæring og drifkraftur	Að nýta hæfileika sína og styrkleika	Framtíðarsýn	
--	---------------------------	---------------------------------	--------------------------------------	--------------	--

Vika 4	mán 18	Þri 19	Mið 20	Fim 21 mars	Fös
	Kári Halldór	Kjartan Pálmason	Þórður Guðmundsson	Runólfur Vigfússon	
	Viðtöl, þ.a.m. starfsviðtöl	Lausnin	Þroski og vellíðan	Aðferðafræði	

Viðauki III. Námskrá vegna réttindanáms dagforeldra.

Námskráin byggir á gildandi reglugerð félagsmálaráðuneytisins frá 2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Markmiðið er að veita hnitmiðaða og vel uppbyggða fræðslu og tekur námsefnið m.a. til uppeldis og umönnunar barna, þarfa þeirra og þroska, barnasjúkdóma, slysa í heimahúsum og fyrstu hjálpar, eldvarna og öryggis barna. Einnig er veitt fræðsla um skyldur og réttindi dagforeldra svo og samvinnu þeirra við foreldra.

Viðauki IV. Vottorð frá yfirvöldum, heilbrigðis- og brunamála.

Viðauki V. Staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð.

Viðauki VI. Yfilysing stjórnar.